

Priðjudaginn 27. febrúar 1996.

Nr. 82/1996.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Sigurjóni Péturssyni

(Kristján Stefánsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 21. febrúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 23. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Fallast verður á það með héraðsdómi, að fullnægt sé skilyrðum c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds yfir varnaraðila. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. febrúar 1996.

Ár 1996, miðvikudaginn 21. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Höllu Bachmann Ólafsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess með vísan til b- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að ákærða, Sigurjóni Péturssyni, kt. 110464-4289, Suðurhólum 22, Reykjavík, verði gert að sæta framhaldi gæsluvarðhalds, þar til dómur gengur í máli hans, en þó eigi lengur en til föstudagsins 29. mars 1996 kl. 16.00, vegna grunar um brot gegn 157. gr., 244. gr., 248. gr., 254 gr. og 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni með síðari breytingum auk 1. mgr. 48. gr. laga nr. 50/1987.

Hinn 9. febrúar sl. voru þingfestar fjórar ákærur á hendur ákærða í Héraðsdómi Reykjavíkur, ein út gefin 11. desember 1995 af lögreglustjóranum í Reykjavík, en þar er ákærða gefið að sök að hafa annars vegar ekið bifreið án ökuréttinda árið 1994 og hins vegar að hafa haft á sér fíkniefni árið 1995, önnur út gefin 12. desember sl. af ríkissaksóknara, þar sem ákærða er gefið að sök, ýmist einum eða í félagi við Sigríði Ninní, innbrot, fjársvik, brot á umferðarlögum og öðrum ákvæðum almennra hegningarlaga, m. a. nytjastuldur og víxlun á skráningarnúmerum bifreiða á tímabilinu frá febrúar til júlí 1995, samtals 13 tilvik.

Þriðja ákæran er út gefin 22. janúar 1996 af lögreglustjóranum í Reykjavík, þar sem ákærða er gefið að sök að hafa ekið án ökuréttinda.

Fjórdða ákæran er út gefin 8. febrúar 1996 af ríkissaksóknara, þar sem ákærði, Sigurjón, er ákærður fyrir akstur án ökuréttinda í lok júlí árið 1995 og fjársvik sama dag, vegna vangreiðslu á hótelleikningi.

Fimmta ákæran, sem þingfest var 15. febrúar sl. í Héraðsdómi Reykjavíkur, var út gefin sama dag af ríkissaksóknara, en þar er ákærða gefið að sök að hafa gerst sekur um þjófnað, hlutdeild, nytjastuld og réttindaleysi við akstur árin 1995 og 1996.

Ákærði hefur viðurkennt hjá lögreglu og að hluta fyrir dómi þau ákæruatriði, sem hér að framan greinir.

Ákærði hefur dvalist erlendis undanfarna sex mánuði, en kom til landsins 22. þ. m. Hann bar við yfirheyrslu vegna gæsluvarðhaldsúrskurðar 30. janúar sl. að hann væri á leiðinni af landi brott að nýju innan fárra daga. Þá hefur ríkissaksóknari fregnað, að ákærði hygðist flytja lögheimili sitt til Danmerkur.

Ákærði hefur árin 1981 til 1990 hlotið tíu refsíðoma fyrir hegningarlaga-brot. Þá hefur hann hlotið refsíðoma fyrir umferðarlagabrot, brot gegn áfengislögum og lögum um ávana- og fíkniefni.

Með vísan til þess, sem nú hefur verið rakið, þykir rétt með skírskotun til b- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að taka til greina kröfu ríkissaksóknara um framhald gæsluvarðhalds yfir ákærða, svo sem nánar greinir í úrskurðarorði.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákærði, Sigurjón Pétursson, sæti gæsluvarðhaldi, þar til dómur gengur í máli hans nr. S-1236/1995 í Héraðsdómi Reykjavíkur, en þó eigi lengur en til föstudagsins 29. mars 1995 kl. 16.00.